

September 2022



Skýrsla GESAC um streymismarkaðinn

GESAC (Evrópusamtök höfundaréttarféлага) sendi nýlega frá sér skýrslu um streymismarkaðinn, eftir umfangsmikla greiningarvinnu. Framkvæmdin kemur í kjölfar stigvaxandi gagnrýni og krafna tónlistarfólks, ekki síst höfunda, um sanngjarnari tekjuskiptingu.

Streymismarkaðurinn hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum, en tekjur þeirra sem skapa tónlistina hafa þó engan veginn vaxið í samræmi. Áherslan innan geirans hefur einkum verið vægið milli útgefenda og flytjenda, á meðan höfundar og aðrir réttshafar virðast hálfgerð afgangsstærð.

Í sem stystu máli er niðurstaða skýrslunnar sú, að þóknun til höfunda sé óviðunandi lág miðað við mikilvægi þeirra framlags.





Markmið og væntingar veitna og þeirra sem skapa eru ólík

Flestir notendur streymisveitna hafa fríaskrift, þ.e. greiða ekki fyrir þjónustuna. Vöxturinn hefur einatt verið mestur í slíkum áskriftum og veiturnar þykja ekki hvetja frínotendur nóg samlega til að skipta yfir í greiðsluáskrift. Tekjur skapenda af fríaskriftum eru tífallt lægri en af greiddum áskriftum. Veiturnar hafa á hinn bóginn ýmsar „hliðartekjur“ af frínotendum, einkum í gegnum hvers konar auglýsingar.

Einnig er á það bent, að áskriftargjald til einstaklinga hafi haldist nánast óbreytt frá upphafi (2006), þrátt fyrir að lögum á veitunum hafi fjölgað gífurlega frá þeim tíma og gæði þjónustunnar aukist verulega. Þá hefur meðalgreiðsla á hvern notanda (ARPU: Average Revenue Per User) lækkað árlega allt tímabilið með hliðsjón af verðbólgu og ýmiskonar tilboðs- og fjölskylduáskriftum, sem farið hefur fjölgandi.

Niðurstaðan er sú að verðmæti tónlistarinnar hefur rýrnað og „tekjukakan“ minnkar sífellt, öfugt við væntingar og kröfur þeirra sem skapa tónlistina, þ.e. höfunda og rétthafa. Þessi þróun dregur eðlilega úr sjálfbærnimöguleikum hlutaðeigandi.



Spurning um sangirni og fjölbreytni

Streymismarkaðurinn er afar „smella“-drifinn og pýramídaeðlis, þar sem tiltölulega fá lög njóta að heita má óeðlilega mikils streymis. Það sýnir sig í því, að aðeins 57.000 flytjendur (0,7% af ca. 8 milljónum) stóðu undir 90% af öllu streymi á Spotify í mars 2021 og að 93% flytjenda höfðu færri en 1.000 mánaðarlega hlustendur.

Öflugt algrími og áhersla Spotify á að setja í forgang og forgrunn lagalista með vinsælustu lögnum ýtir undir misvægi milli þeirra tiltölulega fáu sem njóta mesta streymis og hinna sem vart ná upp á yfirborðið. Aukinheldur skekkja „gervi“-flytjendur og –höfundar myndina, en erfitt getur verið að henda reiður á því hvað er manngert og ekta, því gegnsæið er takmarkað.

Skýrsluhöfundar hvetja til aukins gegnsæis og að streymisveitum verði gert að stuðla að fjölbreytni hvað varðar tónlistarstefnur, tungumál og uppruna flytjenda og þeirra sem skapa tónlistina. Að þessu leyti er hvatt til stefnumótunaraðgerða á vettvangi Evrópusambandsins.



Kerfisbundið ójafnvægi í tekjuskiptingu

Vöxtur streymisveitna hefur vissulega eftt tónlistariðnaðinn. Hins vegar hefur tekjuskiptingin fyrst og fremst verið útgefendum og flytjendum í hag, en skerfur höfunda er ólágur. Áætlað er að veiturnar haldi eftir 30-34% teknanna. Um 55% kemur í hlut útgefenda og flytjenda, en aðeins 15% falla höfundum í skaut. Skýrsluhöfundar leggja áherslu á að „tekjukakan“ verði stækkuð og að áhersla verði lögð á að stækka kerf höfunda.



Tónlistarnotkun á heimsvísu

68%

af allri tónlistarnotkun er í gegnum streymi. [1]


78%

neytenda segjast nýta sér streymisveitur. [2]

524 milljónir

Fjöldi notenda með áskriftarþjónustu. [3]

Veldisvöxtur:



Lögum fjölgar sífellt og hratt. Yfir 70 milljónir laga eru í boði hjá veitum. [4]

8 milljónir

Yfir 8 milljón flytjenda eru skráðir á Spotify [5]. Fjöldi skráðra höfunda á vinsælum lögum hefur farið vaxandi á undanförunum árum, m.ö.o. fjölgar þeim höfundum sem knýja áfram fjárhag streymisveita, en höfundarnir hljóta sífellt minna úr bótum. [6]



Aukin þjónusta streymisveitna; meiri hljómgæði, notendavænna umhverfi, betri nettengingar, aukin samvirkni miðla og fleiri möguleikar.

En verðmætin fara dvínandi

9,99

Upphaflega áskriftargjaldið 9,99 (í evrum, dölum eða pundum) frá 2006 hefur aldrei verið hækkað.



Meðalgreiðsla á hvern notanda (ARPU: Average Revenue Per User) hefur lækkað ár hvert í 15 ár.



Streymisveitur bjóða upp á síframlengdar fríaskriftir (með auglýsingum), sem eru aðalval flestra. Slík áskrift skilar listafólki u.þ.b. 10 sinnum minni tekjum en greiðsluáskrift.

[1] IFPI 2021 Engaging With Music Report

[2] IFPI 2021 Engaging With Music Report

[3] Q2 2021 numbers published by MiDIA

[4] Will Page article "Malbeconomics"

[5] Skv. tölum frá Spotify fyrir árið 2022

[6] Music Week magazine

Spurning um sanngirni og fjölbreytni:


93%

93% flytjenda með færri en 1.000 mánaðarlega hlustendur. [7]

≠

Kerfisbundinn vandi:

- > gerviflytjendur / -höfundar
- > streymissvik
- > "payola" og aðrar þvingunaraðferðir




Vinsældamúsík hefur forgang og ógegnsætt algrími veitnanna hamlar fjölbreytni.

Skipting kökunnar núna:

30-34% af áskriftartekjum er haldið eftir af streymisveitunum. Um 55% kemur í hlut útgefenda og flytjenda, en aðeins 15% falla höfundum í skaut. [8]

Höfundar/tónlistarforleggjarar
(e: publishers): 15%



Útgefendur/flytjendur: 55%

Streymisveitur: 30%

UM GESAC

GESAC eru samtök 32 höfundaréttarfélaganna innan landa Evrópusambandsins og á Íslandi, í Noregi og Sviss. Samtökin kynna og verja höfundaréttindi meira en milljón höfunda og rétthafa á sviði tónlistar, hljóð- og myndmiðla, myndlistar og bókmennta- og leiklistarverka.

Skýrsluna í heild er að finna á slóðinni www.authorsocieties.eu

@authorsocieties

Hér er **ensk útgáfa** sem geymir helstu niðurstöður.



[7] Skv. tölum frá Spotify fyrir árið 2022

[8] DCMS Committee Report - UK Parliament 2021



Meiri sýnileiki

Veiturnar gætu með hugbúnaði gert markaðinn „höfundavænni“ og stuðlað að fjölbreytni og betri sýnileika „minni listamanna“, m.a. með hliðsjón af tungumálum og fleiri menningarþáttum. Þá gætu veitur gert algrímis-stillingar gegnsærri. ESB ætti að styðja undir slíkar breytingar með þrýstingi, reglugerðum og jafnvel sértækum aðgerðum.



Meira endurgjald

Streymismarkaðurinn er orðinn nógu þroskaður til að stíga skref í átt að sanngjarnara tekjumódeli fyrir höfunda og rétthafa, þannig að öll áskriftarmódel gefi af sér auknar tekjur og þar með endurgjald til handa höfundum. Veitur ættu að stuðla að því með ráðum og dáð að færa notendur í auknum mæli yfir í að greiða fyrir notkun. Þegar tekjukakan hefur stækkað, þá ætti það að vera forgangsmál að tryggja höfundum og rétthöfum stærri skerf en verið hefur.

Þá verður að koma í veg fyrir þvinganir, streymissvik og verklag á borð við „payola“ með skýrum og sanngjörnum leikreglum. Einnig þarf að tryggja að rétthöfum verði ekki gert að lækka þóknun sína með einhvers konar sérsamningum.



Betri auðkenning = Meiri tekjur

Höfundaréttarsamtök þurfa að minna höfunda regluega á mikilvægi réttrar stafrænnar skráningar. Sér í lagi á mikilvægi þess að skrá ISRC-númer hverrar upptöku, en það er nokkurs konar rafræn kennitala upptökunnar, sem fylgir henni út á streymisveiturnar (ásamt ISWC-númeri, sem er kennitala höfundarverksins). Þetta er í raun nauðsynleg til að flutningur skráist réttilega og að höfundar og rétthafar fái úthlutað tekjum frá höfundaréttarsamtökum.